# Alpha Fix

## Steypuvari




### Efnislýsing

Alpha Fix yfirborðsefni sem verndar yfirborð steyptra flata, s.s. innkeyrslur, plön, mynstursteypu, hellur og gangstéttar. Alpha Fix er terpentínuþynnt akrýlefni (sealer) en það myndar filmu sem ver yfirborðið fyrir veðri, óhreinindum, olíu og efnaleka.

### Meðhöndlun

1. Fjarlægið óhreinindi, gróður, fitu og laus málningarlög. Tryggið að flöturinn sé gegnþurr.
2. Berið 2 umferðir á flötinn.

### Heilsufars- og umhverfismál

Notið viðeigandi öryggisfatnað, s.s. hanska, grímu og gleraugu. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss
**Tegund:** Akrýl fjölliða
**Þéttleiki:** 0,83 kg/dm$^3$
**Hiti við málun:** Lægst 0°C, hitastig undirlags verður að vera a.m.k. 3°C yfir daggarmörkum
**Rakastig:** Mest 90%
**Þurrefni:** Um 20%
**Þornun við 20°C og 65% raka:** Snertiþurrt: Um 30 mín. Yfirmálun: Um 24 klst
**Þynning:** Terpentína. Yfirleitt notað óþynnt. Má þynna um 20% til að koma í veg fyrir gljáa
**Verkfæri:** Penslar, rúllur, sprauta. Ef sprautað er notuð minnka festuáhrif efnisins
**Þekja:** Um 8 m$^2$/L á slétt undirlag (veltur mikið á aðferð og grófleika/ídrægni undirlags)
**Litur:** Litlaust
**Umbúðir:** 5 og 10 lítra dósir
**Hreinsun:** Terpentína
**Geymsla:** Geymist í þurru, frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/h) mest 750 g/l (2007), 750 g/l (2010). Alpha Fix inniheldur mest 745 g/l